

## Fyrirspurn

til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um námslánatöku eftir búsetu.

Frá Loga Einarssyni.

1. Hver var fjöldi háskólanema á tímabilinu 2012–2022, sundurliðað eftir árum og lögheimili?
2. Hver var fjöldi lántakenda námslána á tímabilinu 2012–2022? Svar óskast sundurliðað eftir árum, lögheimili, á hvaða námsári lántaka hófst og hversu lengi lán var tekið.

Skriflegt svar óskast.